

L Ö G**um róðrartíma fiskibáta.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með reglugerð brottfarartíma allra þeirra báta til fiskiróðra, sem sækja til fiskjar frá veiðistöðvum við Faxaflóa, svo og setja ákvæði um eftirlitsskip í flóanum og um samband bátanna við þau, eftir því sem þurfa þykir.

2. gr.

Hreppsnefndir og bæjarstjórnir hlutaðeigandi sveitar- og bæjarfélaga skulu hver um sig kjósa 3 bátaformenn til þess, ásamt skipstjórum eftirlitsskipa, að hafa eftirlit með því, að fylgt sé fyrirmælum þeim, er sett kunna að verða samkvæmt ákvæðum 1. gr.

3. gr.

Brot gegn reglugerð, sem sett kann að verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum frá kr. 500.00—5000.00. Ítrekað brot getur varðað missi réttinda til skipstjórnar í 6 mánuði. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. janúar 1945.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Áki Jakobsson.

L Ö G**um breyting á hafnarlögum fyrir Akranes, nr. 23 20. maí 1942.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir orðin „kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur —“ í 1. gr. laganna kemur: 1280000 — ein millj. og tvö hundruð og áttatíu þúsund krónur —.

2. gr.

Fyrir orðin: „kr. 720000 — sjö hundruð og tuttugu þúsund króna —“ í 2. gr. laganna kemur: 1920000 — einnar millj. og níu hundruð og tuttugu þúsund króna —.